

Tilmæli 35/2024  
Tillaga A 1992/UHN  
Afgreiðsla Norræna sjálfbærnefndin

## Nefndarálit um svar við tilmælum 35/2024 um eftirfylgni Norðurlanda með markmiðum alþjóðasamnings um líffræðilega fjölbreytni (A 1992/UHN)

Norræna sjálfbærnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 35/2024 til greina og bíði *pólíticsk samráðs* hvað varðar eftirfylgni Norðurlanda með markmiðum alþjóðasamnings um líffræðilega fjölbreytni.

### Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að greina og meta hver markmiðanna um lífbreytileika eru þess eðlis að Norðurlöndin geti átt samstarf um þau og kanna í því samhengi meðal annars hvaða tegundir, búsvæði og vistkerfi hafa sameiginlega þýðingu fyrir öll Norðurlönd,
- að halda ráðstefnu um lífbreytileika á grundvelli ofangreindra atriða með það fyrir augum að ræða hvernig Norðurlönd geta fylgt eftir heimsmarkmiðum um lífbreytileika (The Global Biodiversity Framework), og
- að semja norræna áætlun með markmiðum og aðgerðum í þágu innleiðingar heimsmarkmiða um lífbreytileika á Norðurlöndum.

### Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin þakkar Norðurlandaráði fyrir tilmælin um eftirfylgni með alþjóðasamningnum um líffræðilega fjölbreytni.

Í vinnunni að gerð nýrrar samstarfsáætlunar fyrir árin 2025–2030 og starfsáætlun fyrir árin 2025–2027 samþykktu norrænu umhverfis- og loftslagsráðherrarnir (MR-MK) eftirfarandi forgangsmarkmið varðandi aðgerðir umhverfis- og loftslagsviðs:



## **Markmið 2: Norðurlönd hafa snúið við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni með því að efla og þróa samstarf við aðila úr atvinnulífinu, borgarasamfélaginu og fræðasamfélaginu**

Markmið 2 er með eftirfarandi undirmarkmið:

**Undirmarkmið 2.1: Við leggjum okkar af mörkum til metnaðarfullrar framkvæmdar Kunming-Montréal-samningsins og styðjum við þróun vinnu annarra landa, meðal annars með því að sýna hvernig unnt er að vernda líffræðilega fjölbreytni í samspili við félagslega og efnahagslega þróun.**

Og:

**Undirmarkmið 2.4: Við styðjum náttúrumiðaðar og aðrar nýskapandi lausnir til þess að mæta áskorunum í tengslum við líffræðilega fjölbreytni, loftslagsmál og mengun.**

Ofangreind markmið og undirmarkmið eru þungamiðjan í áframhaldandi þróun og væntanlegri kynningu á nýrri náttúruáætlun fyrir árin 2025–2027 þar sem áhersla er á sameiginlegt norrænt samstarf um innleiðingu markmiða hins nýju náttúrusamnings og eflingu náttúrumiðaðra lausna, bæði á svæðinu í heild, á landsvísu og á hverjum stað fyrir sig.

Í drögum að áætluninni er að finna aðgerðir sem að mjög miklu leyti samrýmast tillögum þessara tilmæla og felast meðal annars í:

- Að útbúa yfirlit yfir núverandi stöðu á mati á líffræðilegri fjölbreytni og stefnu í norrænu löndunum á lands- og svæðisbundnu stigi fyrir markmið 1–8 í Kunming-Montreal-samningnum,
- að móta aðgerðaáætlun sem byggir á vísindalegum grunni til að ná markmiðum 1–8 í Kunming-Montreal-samningnum og í framhaldi af henni, og
- að skýra frá niðurstöðum og tillögum, birta þær og skipuleggja alþjóðlega ráðstefnu með stjórnvöldum og hagsmunaaðilum.

Við innleiðingu áætlunarinnar verður enn fremur sérstaklega:

- Komið á fót samstarfsneti til að tengja saman fræðimenn, sérfræðinga, stjórnvöld og hagaðila til að styðja við markmiðin fyrir 2030 og 2050 í Kunming-Montreal-samningnum.



- Samstarf á milli sveitarfélaga og svæða um öll Norðurlönd eftl. Þetta verður gert með hliðsjón af reynslu sveitarfélaga og samfélaga sem nú þegar eru lífhvolfssvæði.
- Innleiðing Kunming-Montreal-samningsins aukin á sveitarstjórnarstigi með því að þróa og beita sameiginlegum verkfærum og stefnum, meðal annars með aðlögun Kunming-Montreal-samningsins að beitingu á lífhvolfssvæðum í samræmi við staðbundin tækifæri og áskoranir og með nýtingu fyrirbyggjandi samstarfsneta.

Hin væntanlega náttúruáætlun er þannig í samræmi við og kemur til móts við tillögur tilmælanna. Það er einungis tillagan um norræna ráðstefnu sem ekki er þegar komið til móts við. Í samtali við umsjónaraðila náttúruáætlunarinnar hefur þó komið fram að nánari umgjörð þeirrar alþjóðlegu ráðstefnu sem fyrirhuguð er liggur ekki enn fyrir heldur verður ákveðin af áætlunarnefndinni og gæti farið í þá átt að verða ráðstefna um líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á hvernig Norðurlönd ná markmiðum sínum um þar að lútandi.

*Norræna ráðherranefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.*

## **Sjónarmið nefndarinnar**

Nefndin tók svarið við tilmælunum fyrir í fyrsta sinn á fundi sínum 16. september 2025. Flokkahópur miðjumanna áleit svar ráðherranefndarinnar vera ítarlegt en þó skorta að mörgu leyti beinar aðgerðir til þess að framkvæma samninginn. Í svarinu hefði að ósekju mátt benda á hugsanlega samstarfsfleti sem miða að norrænu notagildi.

Nefndin féllst því á að samþykkja nefndarálitið um svar við tilmælum 35/2024 með þeirri ákvörðun að bíða pólitísku samráðs og sameina það pólitísku samráði um svar við tilmælum 34/2024. Markmiðið er að ræða framkvæmd aðgerða yfir landamæri til að takast á við fartegundir og ágengar tegundir og beina gagnsemi af þeim, auk þess að kortleggja norrænar áætlanir á sviðinu.

Ósló, 16. september 2025

*Tove Elise Madland (A)*  
*Johan Andersson (S)*  
*Åsa Karlsson (S)*  
*Ola Elvestuen (V)*  
*Rebecka Le Moine (MP)*  
*Halla Hrunð Logadóttir (Frfl)*  
*Krista Mikkonen (grænum)*

*Jón Gunnarsson (Sjfl.)*  
*Lene Westgaard-Halle (H)*  
*Martin Paasi (saml)*  
*Juho Eerola (saf)*  
*Staffan Eklöf (SD)*  
*Lotta Johnsson Fornarve*  
*Marius Aron Nilsen (FrP)*